

Umsögn lækna ráðs Heilbrigðisstofnunar Austurlands
á frumvarpi til laga um breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu
nr 97/1990 með síðari breytingum.

Læknaráð HSA viðurkennir að sérfræðiþjónusta á Íslandi sé bæði “dreifð og ósamhæfð” hvort sem hún fer fram á einkastofum lækna eða á göngudeildum sjúkrahúsa. Læknaráðið telur því að þörf sé samræmingar og samhæfingar á þeirri starfsemi sem annars vegar fer fram á stofum sérfræðilækna og hins vegar þeim verkum sem unnin eru sem ferilverk af læknum inni á sjúkrastofnunum.

Læknaráð HSA tekur undir með höfundum frumvarps um breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu, að ákveðið skipulagsleysi er ríkjandi í sérfræðilækningum auk þess sem magn þjónustunnar og tegund ræðst stundum af öðru en markmiðum heilbrigðisyfirvalda. Einhverjar hömlur gæti þurft að leggja á ofangreinda starfsemi. Hætt er þó við að of mikil miðstýring leiði til stöðunar í læknisfræði og uppbyggingu heilbrigðisþjónustu.

Hvað varðar sérfræðiþjónustu utan sjúkrahúsa þá er slík starfsemi á mörgum sviðum vaxtarbroddur læknisfræðinnar á Íslandi í dag. Þessi þjónusta er alla jafnan aðgengileg og oftast rekin af metnaði og dugnaði þeirra sem þjónustuna veita. Læknaráð HSA leggur hins vegar áherslu á sérstöðu landsbyggðarinnar þar sem stofurekstur sérfræðinga utan sjúkrahúsa á afar erfitt uppdráttar vegna landfræðilegra aðstæðna og fámennis.

Læknaráðið telur nauðsynlegt að efla ferilverkaþjónustu sjúkrahúsanna, þ.e.a.s. aðgerðir og rannsóknir sem vegna nýrrar tækni og þekkingar gerir innlagnir oft á tíðum óþarfar. Slík starfsemi er því í anda nútíma læknisfræði og sennilega ódýrari og hagkvæmari en innlagnir á sjúkradeildir. Læknaráð HSA bendir hins vegar á að göngudeildir sjúkrahúsanna eru engan veginn í stakk búnar til að taka við þeirri starfsemi sem nú er veitt utan sjúkrastofnana. Sérfræðiþjónusta landsbyggðarinnar utan heilsugæslu fer að miklu leyti fram á sjúkrahúsum í formi ferilverka. Læknaráð HSA hvetur því til þess að heilbrigðisyfirvöld styðji við bakið á sérfræðiþjónustu landsbyggðarsjúkrahúsanna svo að jafnræðis sé gætt í þjónustu strjábýlis og þéttbýlis.

Fyrir hönd stjórnar lækna ráðs HSA

Björn Magnússon, ritari